





# Skjálesari / TalkBack



Til að kveikja á TalkBack er farið í  
**Stillingar** → **Aðgengi** → **Talkback**








Þar þarf svo að velja hvaða talgervilsvél á að nota.

Þá er farið í **Stillingar** → **Stillingar talgervils**.






Smella þarf á **Valið kerfi** og velja þar einhvern af möguleikunum sem eru í boði.




Smáforritið Símarómur er með íslenskar raddir. Forritið er aðgengilegt í PlayStore.

<https://play.google.com/store/apps/details?id=com.grammatek.simaromur>




Talþjónusta Google er komin með íslensku í tungumál hjá sér (ekki komið í alla síma).

Þá er valin **Talþjónusta Google** og í Tungumál er valin **íslenska**.



Síðan þarf að kveikja á TalkBack með því að smella á hnappinn eins og á myndinni hér til hliðar.

Eins er gott að velja sér **flýtleið** til að kveikja/slökkva á TalkBack.



Ivona raddir eru ekki lengur aðgengilegar í PlayStore en ef þær voru sóttar áður en þær voru teknar út ættu þær að vera inni í símanum. Ef þær birtast ekki í listanum yfir talgervilsvélar þá þarf að smella á forritið sjálfst og samþykkja skilmála.



## Helstu bendingar/stýringar fyrir TalkBack

**Fyrri atriði** – Strjúka til vinstri með einum fingri

**Næsta atriði** – Strjúka til hægri með einu fingri

**Heimaskjár** – Strjúka upp og síðan til vinstri (í einni hreyfingu)

**Opna valmynd TalkBack** – Strjúka upp og síðan til hægri **EDA**  
Ýta með þremur fingrum á skjá

**Yfirlit** (yfir opin forrit) – Strjúka til vinstri og síðan upp

**Tilkynningar** – Strjúka til hægri og síðan niður

**Gera hlé eða halda áfram með tal** – Ýta með tveimur  
fingrum

(Líka hægt að leggja lófa yfir myndavél að framan, hún er  
staðsett efst fyrir miðju)

**Fletta upp** – Strjúka upp með tveimur fingrum

**Fletta niður** – Strjúka niður með tveimur fingrum

**Fletta til vinstri** – Strjúka til vinstri með tveimur fingrum

**Fletta til hægri** – Strjúka til hægri með tveimur fingrum

**Næsta lesstýring** – Strjúka til niður með þremur fingrum

**Fyrri lesstýring** – Strjúka upp með þremur fingrum